

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 23. ÁRG. 2017



HINN NÝI
LANDSRÉTTUR

16

MEGINREGLAN UM
LÖGVARÐA HAGSMUNI

12

ÁNÆGJA OG TRAUST
TIL DÓMSTÓLANNA

30



Hinn nýi Landsréttur.

Eiríkur Tómasson.

- | | | |
|---|---|--|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Leiðari</p> <p>6 REIMAR PÉTURSSON
Trúnaðarvernd</p> <p>8 INGIMAR INGASON
Hægir á fjölgun félagsmanna í
Lögmannafélagi Íslands</p> <p>10 Ný ritnefnd</p> <p>12 GUÐNÝ HJALTADÓTTIR
Meginreglan um lögvarða
hagsmuni</p> | <p>16 EYRÚN INGADÓTTIR OG VÍÐIR
SMÁRI PETERSEN
Hinn nýi Landsréttur</p> <p>22 EYRÚN INGADÓTTIR OG VÍÐIR
SMÁRI PETERSEN
Hinn nýi Hæstiréttur</p> <p>24 EYRÚN INGADÓTTIR OG VÍÐIR
SMÁRI PETERSEN
Hin nýja dómstólasýsla</p> <p>25 BJÖRGVIN HALLDÓR BJÖRNSSON
OG EYRÚN INGADÓTTIR
Öflun málflytningsréttinda fyrir
æðra dómstigi</p> | <p>28 GUÐRÍÐUR LÁRA ÞRASTARDÓTTIR
Samskipti lögmannna úr böndum.
Af áhugaverðum úrskurði
úrskurðarnefndar lögmannna.</p> <p>30 Ánægja og traust til dómstólanna
VIÐTAL VIÐ ÓLÖFU FINNSDÓTTUR</p> <p>32 Jólasnapsmót LMFÍ</p> |
|---|---|--|

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Eva Halldórsdóttir hdl.

Ritnefnd:

Björgvin Halldór Björnsson hdl.
Daníel Isebarn Ágústsson hrl.
Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Víðir Smári Petersen hdl.

Blaðamaður:

Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ:

Reimar Pétursson hrl., formaður
Berglind Svavarsdóttir hrl., varaformaður
Arnar Þór Stefánsson hrl., ritari
Þórdís Bjarnadóttir hrl., gjaldkeri
Árni Þór Þorbjörnsson hdl., meðstjórni

Starfsmenn LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Valgeir Þór Þorvaldsson lögfræðingur
Eyrún Ingadóttir félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir ritari
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari

Forsíðumynd:

Landsréttur mun verða staðsettur í
Vesturvör 2, Kópavogi til að byrja með.
Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir

NETFANG RITSTJÓRA:

eva@laekjargata.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 530 0800
ISSN 1670-2689



Umsóknarfrestur er til 15. maí

Viltu styrkja faglega þekkingu þína?

Nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði

Meistaránám í viðskiptalögfræði (MBL) er hagnýtt og krefjandi nám sem veitir þér trausta þekkingu í spennandi og fjölbreyttum heimi viðskipta og lögfræði. Kjarni námsins byggist á viðskiptatengdum greinum lögfræðinnar og er hið eina sinnar tegundar hér á landi.

Námið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir fjölbætt störf á sviði viðskiptalögfræði og styrkja þannig stöðu þeirra í atvinnulífinu.

Meistaránám í viðskiptalögfræði er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða. MBL námið er einnig í boði fyrir þá sem hafa lokið annari grunngráðu en lögfræði.

- 90 eininga MBL gráða í viðskiptalögfræði
- 120 eininga ML gráða í viðskiptalögfræði
- Diplóma í fyrirtækjalögfræði
- Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

- fyrir þá sem ætla lengra

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí

Nánari upplýsingar á bifrost.is

LÖGMENN Í LANDSRÉTT

EVA HALLDÓRSDÓTTIR HDL.
RITSTJÓRI



Þetta fyrsta tölublað Lögmannablaðsins á árinu 2017 er að miklu leyti helgað hinum nýja Landsrétti sem taka mun til starfa 1. janúar næstkomandi, ef allt gengur að óskum.

Stofnun millidómstígs hefur verið í deiglu um langa hríð. Að margra mati felur hún í sér mestu réttarbót í íslensku dómkerfi frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem varð að veruleika með setningu laga nr. 92/1989. Þar á undan var það stofnun Hæstaréttar 16. febrúar 1920 sem hafði haft hvað mest áhrif á íslenskt dóms- og réttarkerfi.

Eitt af því sem huga þarf að við stofnun dómstólsins er skipun dómara. Auglýsing þess efnis var birt í dagblöðum í febrúarmánuði og, eins og rakið er aftar í blaðinu, sóttu 37 einstaklingar um þær 15 dómarastöður sem skipað verður í. Þar af voru 12 hæstaréttarlögmenn.

Lögmenn hafa löngum gert athugasemdir við þá aðferðarfræði sem beitt er við skipan dómara. Þannig segir í umsögn laganefndar LMFÍ við drög að frumvarpi til laga um dómstóla og frumvarpi til breytingar á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sem sent var innanríkisráðuneytinu 15. maí 2015:

„Mat á hæfni til að hljóta dómaraembætti samkvæmt núverandi reglum tekur að mati laganefndar ekki nægilegt mið af lögmannsstörfum og eðli þeirra. Í þeim segir m.a. að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnáslunnar eða fræðistörfum. Miðað skuli við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun.“

Starf lögmannsins er afskaplega fjölbreytt. Það á ekki hvað síst við hér á Íslandi þar sem samfélagið er lítið og mögu-


leikar til sérhæfingar því minni en gerist og gengur úti í hinum stóra heimi. Þó eðli starfsins geri lögmönnum oft erfitt um vik að sinna fræðastörfum, sitja í úrskurðarnefndum innan stjórnáslunnar eða fá tímabundnar setningar í dómaraembætti, líkt og fram kemur í áðurnefndri umsögn laganefndar, hafa lögmenn löngum talið að störf lögmannsins afli honum fjölbreyttrar reynslu á sviði lögfræðinnar.

Hingað til hefur mörgum lögmönnum hins vegar þótt sem dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara vanmeti þessa fjölbreyttu starfsreynslu.

Það verður að taka undir þau sjónarmið laganefndar að bagalegt sé að reynslumiklir og farsælir lögmenn standi hugsanlega höllum fæti við mat á hæfni til að gegna embætti dómara, eingöngu vegna þess að þeir haka ekki í nægilega mörg box, eins og það hefur verið kallað. Þetta er síst til þess fallið að laða þá allra bestu úr okkar stétt til þess að sækjast eftir dómarastörfum.

Það er hins vegar hagar allra að til slíkra starfa veljist fólk með ólíkan bakgrunn og reynslu. Þá verður að telja það mikilsvert fyrir samfélagið að dómstólarnir laði til sín okkar allra færustu lögspeklinga, hvort sem er úr stjórnáslunni, fræðasamfélaginu eða úr röðum lögmanna.

Nú bregður svo við að til stendur að skipa umtalsverðan fjölda dómara á einu bretti. Erfitt er að sjá fyrir sér að slík aðstaða skapist aftur í bráð. Það er því einstakt og kjörið tækifæri fyrir ráðherra að hafa ofangreind sjónarmið í huga og sjá til þess að lögmenn njóti sannmælis við skipunina og tryggi nauðsynlega breidd í þekkingu og reynslu til hagsbóta fyrir hið nýja dómstíg.



Það eru tvær leiðir
til að eyða gögnum,
vottuð og óvottuð.

Örugg eyðing gagna



Við vinnum eftir
vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 4
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

TRÚNAÐARVERND

REIMAR PÉTURSSON HRL.
FORMAÐUR



Trúnaðarvernd skjólstæðinga í samskiptum við lögmennt er ein mikilvægasta forsenda starfa lögmanna. Hreinskiptin umræða skjólstæðings um leyndarmál sín við lögmann getur verið, annars vegar, forsenda þess að skjólstæðingur hagi háttsemi sinni til samræmis við lög og, hins vegar, forsenda þess að málalíbúnaður skjólstæðingsins í ágreiningsmáli verði fullnægjandi.

Auk friðhelgi einkalífs varðar trúnaður því bæði viðleitni til að ýta undir löglega breytni og réttláta málsmeðferð. Af þessum ástæðum hefur trúnaður lögmanna t.d. verið nefndur einn af „hornsteinum réttarríkisins“ af Eiríki Tómassyni hæstaréttardómara.

Mikilvægi trúnaðar verður því ekki dregið í efa með haldbærum rökum. Þrátt fyrir þetta hafa lögmennt oft á undanförunum árum neyðst til að lýsa áhyggjum sínum af virðingarleysi löggjafans í garð trúnaðarins. Er þá vísað til margvíslegra lagaákvæða sem hola út ákvæði um lögbundna þagnarskyldu í þágu rannsókna stjórnvalda.

Sem lið í þessari baráttu lögmanna útbjó laganefnd félagsins, að beiðni stjórnar, árið 2015 drög að frumvarpi til styrkingar trúnaðarákvæðis laga um lögmennt. Þau drög voru kynnt félagsmönnum á félagsfundum í upphafi þess sama árs og sá fundur lýsti yfir stuðningi við tillögu nefndarinnar. Í kjölfarið voru drögin send innanríkisráðherra og réttarfarsnefnd.

Frá því þessi drög voru send ráðuneytinu hefur fátt jákvætt gerst í málinu nema síður sé. Löggjafinn hefur þannig samþykkt hver lögin á fætur öðrum þar sem stjórnvöldum eru veittar heimildir að krefjast upplýsinga án tillits til þagnarskyldu starfsstétta.

Að vísu virðist nokkuð ljóst að mörg hver þessara ákvæða geta vart staðist skoðun með tilliti til 70. og 71. gr. stjórnarskrár en þróunin er engu að síður óheillavænleg. Ófullnægjandi er nefnilega fyrir lögmennt og skjólstæðinga þeirra að þurfa að reiða sig á dómstóla til að hafna kröfum andstæðum stjórnarskrá en sem byggja á settum lögum. Skiptir þá máli að engin fullvissa er um niðurstöðu dómstóla og eitt fordæmi umfram annað er lögmönnum þyrnir í augum; dómur Hæstaréttar sem heimilaði ríkisskattstjóra að krefja lögmann um nöfn skjólstæðinga hans sem höfðu kvartað yfir ónýtum ígræddum brjóstapúða. Að vísu má líta svo á að síðari dómur réttarins geri fordæmisgildi þessa dóms rýrt, en sú ályktun er ekki alfarið afdráttarlaus. Lögmenn eru því í ákveðnum vanda staddir gagnvart kröfum stjórnvalda sem byggja á settum lögum, jafnvel þótt þeir telji slíkar kröfur bersýnilega andstæðar stjórnarskrá.

Í þessu sambandi skal einnig nefnt að framkvæmd héraðsdómstólanna við húsleitir og beitingu ýmissa rannsóknarúræða gagnvart lögmönnum hefur verið varhugaverð. Þannig eru dæmi um að húsleitir hafi verið heimilaðar á lögmannsstofum án þess að mælt hafi

verið fyrir um ráðstafanir við framkvæmd þeirra í þágu réttaröryggis skjólstæðinga lögmanna.

Þessi framkvæmd rímar lítt t.d. við hugmyndir sem Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari hefur reifað um hvernig standa megi að húsleitum á lögmannsstofum. Hann hefur þannig bent á að við húsleitir á lögmannsstofum komi til álita að láta innsigla gögn til haldlagningar þar til dómari hefur úrskurðað um heimild til hennar. Að öðrum kosti kunni réttaröryggi skjólstæðinga að vera stefnt í voða.

Með bréfi Lögmannafélagsins til dómstólaráðs fyrri part árs 2016 var vakin athygli á þeirri óburðugu framkvæmd sem hefur tíðkast hér við þessar aðgerðir. Engin viðbrögð bárust

við því bréfi og ákvað því Lögmannafélagið á dögnum að beina sérstöku erindi vegna málsins til innanríkisráðherra. Fyrir dómsmálaráðherra liggja því nú ítarlegar tillögur Lögmannafélagsins um aðgerðir sem grípa þarf til í því skyni að styrkja vernd trúnaðar lögmanna við skjólstæðinga. Ráðherra hefur á opinberum vettvangi mælt fyrir friðhelgi einkalífs og lögmenn eru vongóðir um að hún taki tillögur þeirra til velviljaðrar meðferðar.

#allravega?
#blikkboli?
#skarpur?



Audi Q2
#ótaggandi

Spáflúnkunýr Audi Q2 gjörbreytir hugmyndum þínum um bíla og ögrar skilgreiningaáráttunni.


Útbúinn eins og þú hugsar hann, mætir hann á malbikið eða mölina, fullur sjálfstrausts en #ótaggandi.

Verð frá 4.990.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

5 ára
ábyrgð



HÆGIR Á FJÖLGUN FÉLAGSMANNA Í LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

Í byrjun mars 2017 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1087 talsins og hefur þeim því aðeins fjölgað um þrjá frá sama tíma árið 2016 eða um 0,3%. Eru héraðsdómslögmennt nú 776 talsins og hæstaréttarlögmennt 311.

Sjálfstætt starfandi lögmönnum fjölga

Sjálfstætt starfandi lögmenn eru 531 talsins eða 49% félagsmanna og hefur þeim fjölgað nokkuð milli ára. Fulltrúum sjálfstætt starfandi lögmanna fækkaði hins vegar á sama tíma og eru þeir nú 205 talsins eða 19% félagsmanna. Fjöldi innanhússlögmanna var 303 í byrjun mars sem svarar til 29% félagsmanna, sem er örlítill fækkun frá árinu á undan. Af þessum 303 innanhússlögmönnum störfuðu 88 hjá ríki eða sveitarfélögum og 215 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stundar lögmansstörf sökum aldurs eða sjúkleika var 48 en það svarar til 4% félagsmanna.




Konur í lögmansstétt

Konur í Lögmannafélaginu eru 338 talsins sem svarar til 31,1% félagsmanna. Er þetta í fyrsta sinn sem hlutfall kvenna í félaginu lækkar á milli ára, en á sama tíma árið 2016 var hlutfall kvenna 31,5%. Þrátt fyrir að lækkunin nemi aðeins 0,4% er þessi breyting á skjön við þróun síðustu ára hvað varðar fjölgun kvenlögfræðinga og hlutfalls kvenna í laganámi. Hefur sú þróun einnig endurspeglast í þátttöku kvenna á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum.

Af þeim 338 konum sem í dag hafa virk málflutningsréttindi eru 48 með réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti en þær voru 47 á sama tíma árið 2016. Sjálfstætt starfandi konur í lögmansstétt eru 116 talsins og 87 konur starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 133 konur sem innanhússlögmenn, þar af 41 hjá ríki eða sveitarfélögum og 92 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru 2 konur hættar störfum.

Karlar í lögmansstétt

Karlar í Lögmannafélaginu eru 749 talsins, þar af 263 hæstaréttarlögmenn. Alls eru 415 sjálfstætt starfandi lögmenn og 118 eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Sem innanhússlögmenn hjá ýmsum




fyrirtækjum og stofnunum starfa 170 karlar, þar af 47 hjá ríki eða sveitarfélögum og 123 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 46 karlar hættir störfum.

65% yngri en 50 ára

Sé aldersdreifing innan félagsins skoðuð kemur í ljós að 703, eða 64,7%, félagsmanna eru yngri en 50 ára. Alls 439 karlar eru 49 ára og yngri en það svarar til 58,6% sem er sama hlutfall og frá síðasta ári. Hlutfall kvenna 49 ára og yngri hefur hins vegar lækkað en 264 konur tilheyra þessum aldurshópi, eða 78,1%, en hlutfallið var 80,4% á sama tíma árið 2016.

Aldursdreifing eftir kyni



Sé aldersdreifingin skoðuð út frá starfsvettvangi félagsmanna er enn umtalsverður munur á milli kynja. Þannig er 52% karla 49 ára og yngri sjálfstætt starfandi á mótí 28% kvenna. Hlutfallið var 49% og 26% á sama tíma 2016. Töluvert minni munur er á hlutfalli lögmanna í

aldurshópnum 49 ára og yngri sem starfa sem fulltrúar á lögmannsstofum, þar sem 23% karla í þessum hópi er 49 ára og yngri samanborðið við 31% kvenna. Hlutföll kynjanna í þessu flokki voru 26% og 33% á síðasta ári. Samsetningin breytist hins vegar verulega þegar skoðað er hlutfall þeirra sem starfa sem innanhússlögmenn en samkvæmt gagnagrunni Lögmannafélagsins starfa 25% karla sem eru 49 ára og yngri sem innanhússlögmenn samanborðið við 41% kvenna, en breytingin frá síðasta ári er óveruleg.

Hlutfallslega flestir lögmenn eru á aldersbilinu 30-39 ára eða 34,1% en á þessum aldri eru 29,0% karla og 45% kvenna. Á aldersbilinu 40-49 ára er kynjahlutfallið hins vegar nánast það sama, en 26% karla eru á þessum aldri samanborðið við 26,3% kvenna.



NÝ RITNEFND

F.v.: Víðir Smári Petersen, Katrín Smára Ólafsdóttir, Björgvin Halldór Björnsson og Eva Halldórsdóttir. Á myndina vantar Daníel Isebarn Ágústsson.

Frá og með þessu tölublaði tekur Eva Halldórsdóttir hdl. hjá Lögmönnum Lækjargötu, við ritstjórn Lögmannablaðsins. Hún hefur fengið í ritnefnd með sér þau Björgvin Halldór Björnsson hdl. hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, Daníel Isebarn Ágústsson hrl. hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur, Katrínu Smára Ólafsdóttur hdl. hjá FOCUS lögmönnum og Víði Smára Petersen hdl. hjá Lex lögmannsstofu.

Lögmannablaðið þakkar fyrri ritstjóra og ritnefnd fyrir vel unnin störf síðustu ár en það eru þau Þyrí Steingrímisdóttir hrl. hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, Guðríður Lára Þrastardóttir lögfræðingur hjá Rauða krossinum, Haukur Örn Birgisson hrl. hjá Íslensku lögfræðistofunni og Ingvi Snær Einarsson hdl. hjá Lex lögmannsstofu.

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



**Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!**

...við erum með þetta allt og meira til!



My/Senso

Við vorum að taka upp nýja sendingu af ilmstrám og ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á facebook

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

MEGINREGLAN UM LÖGVARÐA HAGSMUNI

Þann 19. janúar sl. stóðu Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands fyrir hádegisverðarfundum um inntak meginreglu íslensks réttarfars um lögvarða hagsmuni. Meginreglan fjallar um það grundvallar skilyrði íslensks réttarfars að aðili máls verði að hafa einhverja hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóls fyrir kröfu sinni, þ.e.a.s. úrlausn málsins verður að hafa áhrif á réttarstöðu hans með beinum hætti.

Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari hélt framsögu þar sem hann gerði grein fyrir inntaki reglunnar, röksemdum að baki henni og hvernig reglunni hefur verið beitt í nýlegum dómum Hæstaréttar.



Rökín að baki reglunni

Meginregla íslensks réttarfars um lögvarða hagsmuni gerir þá kröfu að sá sem höfðar dómsmál verði að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Reglan er ólögfest meginregla í íslensku réttarfari en á sér stoð í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Reglan felur í sér takmörkun á rétti manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstóli, sem þeim er tryggður í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Í erindi sínu fór Eiríkur yfir þau rök sem liggja að baki reglunni. Í fyrsta lagi að reglunni sé ætlað að standa vörð um sjálfstæði dómstólanna. Í öðru lagi að án tilvistar slíkrar reglu myndi álag á dómstóla stóraukast með tilheyrandi auknum útgjöldum. Vísaði hann í því sambandi til lögbundins hlutverks annarra stofnana til þess að svara lögspurningum og ítrekaði mikilvægi lögmannna. Í þriðja lagi

þá tengist reglan öðrum meginreglum réttarfarsins, svo sem málsforræðisreglunni. Ef dregið yrði úr vægi reglunnar myndi það jafnframt bitna á málsforræði aðila.

Beiting Hæstaréttar

Eiríkur fór yfir nokkra hæstaréttardóma sem fallið hafa á síðustu fimm árum. Hann sagði það hlutverk dómstóla að móta regluna en hafa yrði í huga, við mat á lögvörðum hagsmunum, að reglan er undantekningarregla frá meginreglu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og henni yrði að beita sem slíkri.¹

Reglan um lögvarða hagsmuni er formregla sem leiðir til frávísunar. Við mat dómstóla á lögvörðum hagsmunum kann þó að reyna á skýringu efnisreglna. Skýrasta dæmið sé þegar taka þurfi afstöðu til þess hvort stefnandi máls hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfu um viðurkenningu á

¹ Eiríkur nefndi til skýringar dóm Hæstaréttar nr. 137/2013 þar sem Hæstiréttur taldi kröfu stefnanda tæka til efnismeðferðar með vísan til 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Í málinu var talað um samning einkaréttarlegs eðlis en aðstaða kynni að vera önnur þegar um er að ræða samninga allsherjarréttarlegs eðlis. Nefndi hann jafnframt dóm Hæstaréttar nr. 808/2014 þar sem reyndi á rétt fjölda einstaklinga til að höfða mál á hendur Orkustofnun og Landsneti. Hæstiréttur taldi stefnendur hafa lögvarða hagsmuni með vísan til 60. gr. stjkskr.



bótaskyldu stefnda. Þá hafi Hæstiréttur mótað þá dómvenju að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á bótaskyldu verði að leiða nægar líkur á því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við ætlað skaðaverk.² Dómstólar gera þannig lágmarkskröfu til þess að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á bótaskyldu verði að leiða líkur að því að hann eigi bótakröfu. Reynir þannig á skýringu á efnisreglum skaðabótaréttarins við mat á reglunni um lögvarða hagsmuni.

Mismunandi tilvik

Eiríkur gerði grein fyrir þremur mismunandi tilvikum sem leiða til þess að lögvarða hagsmuni skorti til höfðunar máls. Í fyrsta lagi tilvik þar sem lögvarðir hagsmunir eru ekki fyrir hendi eða hafa ekki enn stofnast. Hann nefndi þar dóm Hæstaréttar nr. 193/2015 þar sem stefnandi taldi sig eiga rétt til ákveðinna lífeyrisréttinda. Hæstiréttur vísaði málinu frá þar sem hann var ekki enn farinn að þiggja eftirlaun og lögvarðir hagsmunir hefðu því ekki stofnast, þó þeir kynnu að stofnast síðar.

Í öðru lagi tilvik þegar lögvarðir hagsmunir hafa verið fyrir hendi en eru liðnir undir lok. Þar nefndi hann sem dæmi dóm Hæstaréttar nr. 776/2016 en í málinu hafði stefnandi krafist ógildingar úrskurðar stjórnslunefndar sem hafði verið felldur úr gildi. Þar taldi Hæstiréttur lögvarða hagsmuni liðna undir lok. Stundum kynnu þó lögvarðir hagsmunir í fljótu bragði að hafa virst líða undir lok en við nánari skoðun kæmi í ljós að svo væri ekki. Nefndi hann sem dæmi dóm Hæstaréttar nr. 215/2015 þar sem reyndi á lögmati ákvörðunar hluthafafundar um að taka hluthafa af skrá. Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að þar sem stefnandi væri ekki hluthafi í félaginu hefði hann

ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins en málið laut einmitt að lögmati þess að taka hann af skrá sem hluthafa. Hæstiréttur sneri við þeirri niðurstöðu héraðsdóms.

Í þriðja lagi nefndi Eiríkur tilvik þegar einhver kann að eiga lögvarða hagsmuni en þó ekki sá sem höfðað hefur málið en það minnti mjög á aðildarskort, erfitt væri að greina muninn og það kynni að hvíla á málatilbúnaði. Sem dæmi tók hann m.a. dóm Hæstaréttar nr. 554/2016 en þá krafðist verktakafyrirtæki úrlausnar um hvort rétt hefði verið staðið að útboði af hálfu sveitarfélags. Stefnandi hélt því fram að sá sem fékk verkið hefði fengið það án þess að uppfylla skilyrði um fjárhagslegt hæfi. Hæstiréttur taldi að stefnandi hefði ekki heldur uppfyllt skilyrðið. Þar með hefði hann ekki getað átt skaðabótakröfu á hendur sveitarfélaginu og var málinu vísað frá. Hugsanlega hefði hins vegar annar þátttakandi í útboðinu, sem uppfyllti skilyrðið, getað höfðað málið.

Miklu máli skiptir því hver það er sem höfðar málið en jafnframt hvernig staðið er að málshöfðun til þess að fullnægja þeim kröfum sem reglan um lögvarða hagsmuni gerir.

Umræður

Talsverðar umræður sköpuðust að framsögu lokinni þar sem fyrirsögnunum var beint að framsögumanni, m.a. hvort ástæða væri til að rýmka regluna. Hugmyndir um aukið aðgengi aðila að lögfræðiaðstoð áður en kemur til máls höfðunar voru viðraðar og röksemdir að baki reglunni ræddar.

Guðný Hjaltadóttir hdl.

² Nefndi m.a. dóm Hæstaréttar nr. 472/2013.



1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT mála- og skjalakerfi sem hentar vel fyrir LÖGMANNSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Lex lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn, Patice lögmenn



1 SYSTEMS OneDrag'nDrop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna. Vottað af KPMG.



Hægt að fá IPAD lesaðgang.
(spjaldtölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



HINN NÝI LANDSRÉTTUR

Helsti samkvæmisleikurinn innan lögfræðingastéttarinnar síðustu vikur hefur verið að geta sér til um hverjir verði skipaðir dómarar við Landsrétt, hvernig skipting verði á milli kynja og hvaðan dómaraefnin koma; úr héraðsdómum landsins, lögmennsku, stjórnslu eða háskólasamfélaginu. Nú liggur fyrir hverjir sóttu um dómarastöðurnar en af 37 umsækjendum eru 14 dómarar, 12 hæstaréttarlögmenn, 5 úr háskólasamfélaginu og 6 úr stjórnslunni. Þá sóttu 14 konur og 23 karlar um hjá Landsrétti.

Dómnefnd skipa:

Gunnlaugur Claessen fv. hæstaréttardómari, er formaður nefndarinnar, tilnefndur af Hæstarétti.
Kristín Benediksdóttir dósent við lagadeild HÍ, tilnefnd af Hæstarétti.
Ragnhildur Helgadóttir forseti lagadeildar HR, tilnefnd af Alþingi.
Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, tilnefnd af dómstólaráði.
Óskar Sigurðsson hrl. hjá Lex, tilnefndur af LMFÍ.

Varamenn, tilnefndir af sömu aðilum:

Gréta Baldursdóttir hæstaréttardómari.
Valtýr Sigurðsson hrl. hjá Lagastoð.
Ingibjörg Pálmadóttir fv. ráðherra.
Halldór Halldórsson dómstjóri héraðsdóms Norðurlands vestra.
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. hjá STEF.

Knappur tími til stefnu

Það er að ýmsu að huga fyrir nefnd um skipun dómara í Landsrétti. Þegar listi umsækjenda lá fyrir var ljóst að fjórir hinna fimm nefndarmanna voru vanhæfir. Gunnlaugur Claessen formaður nefndarinnar var einn eftir en varamenn sem komu inn eru þau Halldór Halldórsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Valtýr Sigurðsson.

Dómnefndin hefur knappan tíma til að skila niðurstöðu sinni til dómsmálaráðherra en stefnt er á að aðeins sex vikur líði frá því að hún er fullskipuð og þar til hún hefur lokið störfum. Frestur getur þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, s.s. hinn mikli fjöldi umsækjenda, en slíkt takmarkast þó við það hvenær Alþingi fer í sumarleyfi þar sem það verður að samþykkja dómaraefnin.

Hæfni eina forsendan

Við val á umsækjendum í dómaraembættin þarf dómnefndin að framkvæma heildstætt mat á hæfni þeirra út frá menntun, reynslu, ráðvendni og skilvirkni í starfi.

Nefndin hefur þá skyldu að raða umsækjendum eftir hæfni og engar aðrar forsendur liggja að baki vali hennar, hvorki sjónarmið um fjölda héraðsdómara eða lögmannna, karla eða kvenna í hópnun. Það er því ekki sjálfgefið að hópur dómara við Landsrétt komi til með að hafa fjölbreyttan bakgrunn.

Nokkrar umræður sköpuðust á Alþingi í febrúar sl. vegna þessa. Minnihluti allsherjar- og menntamálanefndar taldi að líta þyrfti til kynjasjónarmiða og benti m.a. á að nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, CEDAW, hefði beint þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda á síðasta ári að fjölga konum í lögreglu og í Hæstarétti. CEDAW-nefndin hefði lagt sérstaka áherslu á að gripið yrði tafarlaust til aðgerða, jafnvel sértækra aðgerða eins og kynjakvóta, til að fjölga konum hratt í dómskerfinu.¹ Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra sagði hins vegar þegar hún lagði fram frumvarp um dómstóla í byrjun febrúar að hún hefði fulla trú á því að konur jafnt sem karlar uppfylltu öll þau hæfisskilyrði sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar við skipun dómara.²

Kröfur til dómaraefna

Í reglum nr. 620/2010 er í 4. gr. fjallað um þau sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á. Samkvæmt ákvæðinu skal miða við að umsækjendur hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi, störfum innan stjórnarsýslunnar eða fræðistörfum. Þá er t.d. litið til þess hvort þeir hafi stundað framhaldsnám, setið í úrskurðarnefndum eða tekið þátt í félagsstarfi.

Almenn starfshæfni er síðan metin; hvort umsækjendur hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í störfum sínum sem og kunni að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Svo er æskilegt að þeir hafi reynslu af stjórnun.

¹ Nefndarálit með breytingartillögu við frv. til laga nr. 20/2016 (þskj. 273): <http://www.althingi.is/altext/146/s/0273.html>

² Ræða dómsmálaráðherra 7. febrúar 2017: <http://www.althingi.is/altext/raeda/146/rad20170207T154031.html>

Varðandi sérstaka starfshæfni er mikilvægt að þeir hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Þá þurfa þeir að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt mál bæði fljótt og af öryggi.

Að lokum er tekið fram að umsækjendur þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, séu reglusamir og af þeim fari gott orð í fyrri störfum sem og utan þeirra og að reglu-
semi þeirra sé í engu ábótavant.³

Mat á umsækjendum

Miðað er við að dómnefnd skili niðurstöðu sinni í byrjun maí. Nefndinni er gert að meta að jöfnu starfsreynslu dómara, lögmannna og annarra sem uppfylla hæfi um störf dómara.

Dómnefndin mun semja skriflega umsögn um umsækjendur þar sem fram kemur rökstutt álit á hæfni hvers þeirra og svo hverja nefndin telur hæfasta til að vera skipaðir í dómarastöðurnar. Áður en endanleg umsögn er skilað til dómismálaráðherra verða umsækjendum kynnt drög hennar og fá þeir þá sjö daga frest til að koma að sjónarmiðum sínum. Eftir að dómnefnd hefur farið yfir athugasemdir þeirra, og gert eftir atvikum breytingar, skilar hún umsögn sinni til dómismálaráðherra og umsækjenda. Þremur dögum síðar verður umsögnin birt í heild á vefsíðu dómismálaráðuneytisins.⁴

Val dómnefndar

Þar sem verið er að skipa dómara í fyrsta sinn við Landsrétt mun dómismálaráðherra leggja fram tillögu fyrir Alþingi um hverja skipun til samþykktar. Í fyrri umsögnum dómnefndar má sjá að hún hefur jafnsett allt upp í þrjá umsækjendur um dómarastöður. Hvort dómnefnd telji fleiri en 15 dómaraefni jafnhæf að þessu sinni verður tíminn að leiða í ljós en ef til þess kemur mun ráðherra þurfa að velja á milli jafnsettra aðila. Ráðherra er bundinn af umsögn dómnefndar en getur gert tillögu til Alþingis um breytingar.

Umsækjendur um stöðu landsréttardómara

Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður
Arnfríður Einarsdóttir, héraðsdómari
Ásmundur Helgason, héraðsdómari
Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður
Baldvin Hafsteinsson, hæstaréttarlögmaður
Björn Þorvaldsson, sviðsstjóri ákærusviðs efnahagsbrota
hjá embætti héraðssaksóknara
Bogi Hjálmtýsson, héraðsdómari
Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri í
innanríkisráðuneytinu
Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla
Íslands
Davor Purusic, lögfræðingur hjá Rauða krossi Íslands
Eiríkur Jónsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands
Guðjón St. Marteinnsson, héraðsdómari
Guðrún Sesselja Arnardóttir, hæstaréttarlögmaður
Helgi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður
Hervör Þorvaldsdóttir, héraðsdómari
Hildur Briem, dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands
Höskuldur Þórhallsson, fyrrverandi alþingismaður
Ingveldur Einarsdóttir, settur hæstaréttardómari
Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður
Jóhannes Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður
Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari
Jón Höskuldsson, héraðsdómari
Jónas Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður
Karl Óttar Pétursson, hæstaréttarlögmaður
Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður
Nanna Magnadóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndar
umhverfis- og auðlindamála
Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskóla
Íslands
Ólafur Ólafsson, dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands
eystra
Ómar Stefánsson, varaformaður úrskurðarnefndar
umhverfis- og auðlindamála
Ragnheiður Bragadóttir, héraðsdómari
Ragnheiður Harðardóttir, héraðsdómari
Sandra Baldvinsdóttir, héraðsdómari
Sigurður Tómas Magnússon, atvinnulífsprófessor við
lagadeild Háskólans í Reykjavík
Soffía Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður
Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri við Héraðsdóm
Reykjanes
Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í
Reykjavík

³ Reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti.

⁴ Ákvæði III til bráðabirgða í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og reglur um hæfni dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010.



HEIÐUR OG HVATNING



Almenni var valinn besti lífeyrissjóður í Evrópu á almennum markaði af fagtímaritinu Investment & Pensions Europe.

Almenni var einnig valinn besti lífeyrissjóður í Evrópu meðal þjóða með færri en milljón íbúa annað árið í röð.

Nokkur ummæli dómnefndar:

„Byltingarkenndur sjóðfélagavefur“

„Einstaklingsmiðuð þjónusta þar sem sjóðfélaginn ræður ferðinni“

„Góð samsetning lífeyrisréttinda með samtryggingu og séreign“

„Gott og einfalt aðgengi að upplýsingum og persónuleg þjónusta“

European Pensions
AWARDS 2016



Fagtímaritið European Pensions tilnefndi sjóðfélagavef Almenna meðal nýjunga ársins og fyrir bestu upplýsingamiðlun til sjóðfélaga í Evrópu þrjú ár í röð.

Almenni er stoltur af þessum viðurkenningum og lítur á þær sem heiður og hvatningu til að gera enn betur.



Ef Alþingi hafnar dómaraefnum þarf ráðherra að leggja fram nýja tillögu. Tillagan þarf síðan að vera samþykkt með meirihluta atkvæða innan mánaðar frá því að hún er lögð fram. Þegar Alþingi hefur samþykkt tillögur ráðherra sendir hann þær til forseta Íslands sem skipar í embættin.⁵

Skipun dómara

Dómarar við Landsrétt verða skipaðir 1. júlí 2017 en frá og með 1. janúar 2018. Dómararnir þurfa að koma saman til að kjósa forseta réttarins fyrir 20. júlí, en hann verður þá skipaður frá 1. ágúst. Forseta Landsréttar bíða fjölpætt verkefni en hann mun til að mynda ráða annað starfsfólk eins og aðstoðarmenn, skrifstofufólk og fleira.⁶

Að sögn Péturs U. Fenger, skrifstofustjóra hjá innanríkisráðuneytinu, er gert ráð fyrir að starfsmenn Landsréttar verði um það bil 34. Auk dómara 15 er gert ráð fyrir skrifstofustjóra, aðstoðarmönnum, dómriturum, dómvörðum, móttökuritara, bókara og prófarkalesara.

Skipulag Landsréttar

Efnislega munu sömu reglur gilda um kærur til Landsréttar og gilda nú um kærur til Hæstaréttar. Þá verður áfrýjun til Landsréttar jafnframt með svipuðu sniði og áfrýjun til

Hæstaréttar nú. Þó verður gerð sú breyting að áfrýjunarfrestur verður fjórar vikur í stað þriggja mánaða og áfrýjunarfjárhæð verður hækkuð úr u.þ.b. kr. 800.000 í kr. 1.000.000.

Gert er ráð fyrir því að fyrirtökur verði í Landsrétti ef þurfa þykir og heimilt er að spila upptökur frá málsmeðferð í héraði. Þá munu dómarar Landsréttar ákveða hvort og þá hvaða aðila- og vitnaskýrslur verða teknar fyrir í dóminum. Aðalmeðferð hefst með því að efni áfrýjunarstefnu er lesið upp, síðan er horft eða hlustað á upptökur af aðila- og vitnaskýrslum. Þá eru teknar skýrslur af aðilum eða vitnum sem ekki gáfu skýrslu fyrir Landsrétti eða sem eiga að gefa viðbótarskýrslu fyrir réttinum. Loks verður málið flutt munnlega.

Landsréttur getur verið skipaður sérfróðum meðdómendum sé þess þörf. Ef einn sérfróður meðdómismaður er í máli er hann skipaður ásamt tveimur dómurum. Ef þörf er á tveimur sérfróðum meðdómsmönnum þarf rétturinn hins vegar að vera skipaður þremur dómurum.

Þá má geta þess að munnleg sönnunarfærsla verður tekin upp bæði í hljóði og mynd í Landsrétti og héraðsdóm-

⁵ Ákvæði III og IV til bráðabirgða í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og ræða dómsmálaráðherra 7. febrúar 2017: <http://www.althingi.is/alttext/raeda/146/rad20170207T152904.html>

⁶ Ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 50/2016 um dómstóla.

⁷ Lög nr. 49/2016: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/1363.html>. Viðtal við Kristínu Haraldsdóttur 16. mars 2017



Stjórnarráðsreitirinn.

stólunum. Stefnt er að því að slíkar upptökur hefjist hjá héraðsdómstólunum þann 1. september næstkomandi.⁷

Húsnæði Landsréttar

Búið er að ganga frá því að Landsréttur verði til húsa í Vesturvör 2, Kópavogi, til bráðabirgða en síðan eru hugmyndir um að byggja hús Landsréttar í miðborg Reykjavíkur innan fimm ára, jafnvel á svokölluðum Stjórnarráðsreit.

Húsnæðið að Vesturvör 2 er rétt tæplega 1800 m² að stærð og á þremur hæðum. Húsið hýsti áður Siglingamálastofnun og hentar vel undir Landsrétt að sögn Péturs U. Fengers. Einhverjar breytingar þarf þó að gera á húsnæðinu með

tilliti til hins nýja hlutverks sem það fær, en þær snúa einkum að fyrstu hæð hússins þar sem komið verður fyrir þremur dómssölum; 108 m², 56m² og 42m² að stærð, og einum fyrirtökusal sem verður 28m². Þá er gert ráð fyrir því að allur tæknibúnaður verði upp settur og tilbúinn til notkunar 1. janúar 2018.

Eyrún Ingadóttir og Víðir Smári Petersen

L LÖGMANNSHLIÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
ÓLGAERGÁTU 36 • 6500 AARURVEI • 5011 406 2700 • NETFANG: LHLOGMANNSHLID@IS
SIGMUNDUR GUÐMUNDSSON HDL • INGVAR ÞÓRÓDDSSON HDL



LIT ehf.
Ingi Tryggvason hrl.

Lina sf.

Alhliða þýðingarþjónusta

Hjördís Isabella Kvaran
löggitur skjalapýðandi
lina@centrum.is



HINN NÝI HÆSTIRÉTTUR

Hæstiréttur mun til framtíðar verða skipaður sjö dómurum og munu fimm dómarar taka þátt í hverju máli en sjö í þeim sem skilgreind eru sérstaklega mikilvæg.¹

Samkvæmt lögnum verða þau mál, sem er áfrýjað fyrir 1. janúar 2018, flutt fyrir Hæstarétti og því má ætla að nýtt fyrirkomulag verði ekki að fullu komið á fyrir en seint á árinu 2018 eða í byrjun árs 2019. Jafnframt er líklegt að Landsréttur verði ekki kominn á fullt skrið fyrir en á vormánuðum 2018.

Frá héraði í Hæstarétt

Hin nýja löggjöf gerir ráð fyrir að heimilt verði að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi héraðsdóms beint til Hæstaréttar, án þess að máli sé áfrýjað fyrst til Landsréttar, en slíkt leyfi skal þó ekki veitt nema „... þörf sé á að fá endanlega niðurstöðu Hæstaréttar með skjótum hætti og niðurstaða málsins geti verið fordæmisgefandi, haft almenna þýðingu fyrir beitingu réttarreglna eða haft verulega samfélagslega þýðingu að öðru leyti“. Þá skal slíkt leyfi ekki veitt ef málsaðili telur þörf á að leiða vitni í málinu eða enn er uppi ágreiningur um sönnunargildi munnlegs framburðar sem gefinn var fyrir héraðsdómi. Hæstarétti ber síðan að gefa öllum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.²

Þröngar kærueimildir

Heimilt verður að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar en kærueimildir verða þröngar. Þó verður t.d. hægt að kæra úrskurði Landsréttar um frávísun máls til Hæstaréttar.³

Hægt er að sækja um leyfi til að kæra þegar svo er mælt fyrir í öðrum lögum en kæruefni verður að varða mikilsverða almannahagsmuni, hafa fordæmisgildi eða grundvallarþýðingu fyrir meðferð málsins. Þá getur Hæstiréttur tekið kæruefni til meðferðar ef ástæða er til að ætla að hin kærða dómsathöfn sé bersýnilega röng að formi eða efni.⁴ Kærufrestur til Hæstaréttar verður tvær vikur.⁵

Áfrýjun

Aðilar þurfa að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar sem mun þá ákveða hvort orðið verði við því og skal við matið „... líta til þess hvort úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis.“ Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef „... ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni.“⁶

Einnig gert ráð fyrir því að sótt verði um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar þegar kemur að því að áfrýja Landsréttardómum í sakamállum og mun Hæstiréttur ákveða hvort orðið verði við henni. Slíkt leyfi skal aðeins veita ef áfrýjun lýtur að atriði sem hefur verulega almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum er mjög mikilvægt að fá úrlausn Hæstaréttar. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur að formi eða efni. Hafi ákærði verið sýknaður af ákæruefni í héraðsdómi en sakfelldur fyrir Landsrétti skal þó verða við ósk ákærða, eða ákærvaldsins, um leyfi til áfrýjunar nema Hæstiréttur telji ljóst að áfrýjun muni ekki verða til þess að breyta dómi Landsréttar.⁷

Eyrún Ingaóttir og Víðir Smári Petersen

¹ Sjá 13.-16. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla.

² Sjá 29. gr. i. laga nr. 49/2016 um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig). Ákvæðið verður 175. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

³ Sjá 29. gr. a. laga nr. 49/2016. Ákvæðið verður 167. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

⁴ Sjá 29. gr. a. laga nr. 49/2016. Verður 2. mgr. 167. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

⁵ Sjá 29. gr. b. laga nr. 49/2016. Verður 168. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

⁶ Sjá 29. gr. j. laga nr. 49/2016. Verður 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

⁷ Sjá 68. gr. e. laga nr. 49/2016. Verður 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

HIN NÝJA DÓMSTÓLASÝSLA

Dómstólaráð í núverandi mynd mun verða lagt niður og dómstólasýsla stofnuð í staðinn sem mun taka við mun stærra hlutverki. Dómstólasýslan mun annast sameiginlega stjórnarsýslu allra dómstólanna þriggja, vera í fyrirsvari og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu þeirra. Dómstólasýslan mun gegna víðtæku stjórnarsýslulegu hlutverki.

Hún mun m.a.:

- Setja reglur um meðferð mála.
- Stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum.
- Ákveða fjölda héraðsdómara við hvern dómstól og veita dómurum leyfi.
- Skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna dómstólanna.

- Vera með yfirstjórn upplýsinga- og tæknimála dómstólanna.
- Safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
- Gera tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólanna.

Þá mun nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni.

Eyrún Ingadóttir og Víðir Smári Petersen

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

ÖFLUN MÁLFLUTNINGS- RETTINDA FYRIR ÆÐRA DÓMSTIGI

Margir lögmenn reyna nú hvað þeir geta til að fá prófmál fyrir Hæstarétti áður en Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018. Að sögn Þorsteins Jónssonar, skrifstofustjóra Hæstaréttar, hafa 48 lögmenn tilkynnt að þeir hyggist flytja prófmál fyrir Hæstarétti á næstunni. Lögmenn sem Lögmannablaðið ræddi við sögðu mikla ásókn í mál sem uppfylla kröfur um að vera prófmál fyrir Hæstarétti enda lengist leiðin sem fara verður til að afla sér réttinda til málflutnings fyrir æðsta dómstól landsins eftir að Landsréttur hefur störf um næstu áramót.

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl. hjá lögmannsstofunni FOCUS er einn þeirra lögmanna sem hefur leitað um hríð eftir prófmáli fyrir Hæstarétti. Hún segist hafa heyrt lögmenn, sem hafa verið með mál fyrir fjölskipuðum dómi, lýsa því hvernig þeir hefðu nánast orðið fyrir áhlaupi vongóðra prófmanna jafnskjótt og dagskrá Hæstaréttar hafi legið fyrir: „Hjá stóru stofunum ganga skiljanlega þeirra héraðsdómslögmennt fyrir en mér hefur boðist að fá að vera efst á blaði hjá allnokkrum hæstaréttarlögmönnum þegar þeirra fólk hefur klárað sem og vilyrði um mál sem rekur á fjörur smærri stofa. Eðli málsins samkvæmt eru prófmál „takmörkuð gæði“ og því mikil samkeppni um þau,“ sagði Katrín og benti jafnframt á að skjólstæðingar þyrftu að veita leyfi til þess að fela prófmanni málflutninginn sem væri ekki sjálfgefið.

Jóhannes Stefán Ólafsson hdl. hjá JSÓ lögmönnum hefur þegar flutt eitt prófmál fyrir Hæstarétti og er hættur að leita: „Ég hef haft samband við lögmenn þegar dagskrá Hæstaréttar hefur verið birt og þá hafa jafnvel 15 aðilar haft samband á undan mér. Ég bíð bara eftir nýju reglunum en ef einhver kæmi færandi hendi þá tæki ég glaður við máli“, sagði hann.

Nýju reglurnar

Talsverðar breytingar hafa verið gerðar varðandi prófmál á núgildandi lögmannalögum nr. 77/1998 vegna stofnunar Landsréttar og þær munu taka gildi um næstu áramót. Til þess að fá leyfi til að flytja mál fyrir Landsrétti þurfa lögmenn að hafa haft réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi í fimm ár og að hafa flutt 25 mál fyrir héraðsdómi, þar af minnst 15 einkamál. Því til viðbótar þurfa þeir að flytja fjögur prófmál

fyrir Landsrétti. Í því sambandi er rétt að undirstrika að öll mál sem þar verða flutt geta verið prófmál. Lögmenn þurfa síðan að hafa haft málflutningsréttindi fyrir Landsrétti í þrjú ár og að hafa flutt þar að minnsta kosti 15 mál, þar af minnst tíu einkamál, til að fá réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Þetta er talsverð breyting en til að öðlast réttindi sem hæstaréttarlögmaður samkvæmt núgildandi lögmanna-
lögum þarf viðkomandi að hafa verið héraðsdómslögmaður í fimm ár, hafa flutt 30 mál munnlega fyrir héraðsdómstóli (eða sérdómstóli), þar af tíu einkamál, og flytja fjögur prófmál fyrir fimm manna dómi í Hæstarétti.

Kostir og gallar

Undanfarin ár hefur verið erfitt að fá prófmál fyrir Hæstarétti og hafa ýmsir lýst þeirri skoðun sinni að það fyrirkomulag sé úrelt. Það hlýtur því að teljast kostur við þessar breytingar að öll mál sem fara fyrir Landsrétt geti verið prófmál svo þessi flöskuhál er frá. Þá er það einnig kostur við þessa breytingu að leið lögmanna í átt að réttindum til málflutnings fyrir Hæstarétti verður gagnsærri og fyrirsjáanlegri. Lögmenn geta vitað það með nokkurri vissu hvaða mál munu verða tæk sem prófmál hjá Landsrétti auk þess sem að taka prófmála í Hæstarétti verður aflögð. Breytingarnar nú hafa það þó í för með sér að lengri tíma tekur að öðlast réttindi til flutnings mála fyrir Hæstarétti með því að gera þá kröfu að lögmenn hafi haft réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti í þrjú ár áður en þeir fái réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti. Bætast þessi þrjú ár við þau fimm sem nauðsynlegt er að hafa haft málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi, til viðbótar við þann fjölda mála sem flytja þarf fyrir dómstólunum.

Þeir sem þegar hafa flutt prófmál

Sérstakar reglur gilda um þá sem þegar hafa hafið flutning prófmála fyrir Hæstarétti.

Þeir sem hafa lokið þremur prófmálum fyrir 1. janúar 2018 fá strax málflutningsréttindi fyrir Landsrétti. Þeir þurfa síðan að flytja þar fjögur mál munnlega, þar af þrjú einkamál, til að fá málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti.

Þeir sem hafa lokið tveimur prófmálum þurfa að flytja eitt prófmál fyrir Landsrétti til að fá málflutningsréttindi þar.

Til að öðlast málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti þurfa þeir að flytja átta mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a.m.k. fimm einkamál.

Þeir sem hafa einungis lokið einu prófmáli þurfa að flytja tvö prófmál fyrir Landsrétti til að öðlast málflutningsréttindi. Að auki þurfa þeir að flytja tólf mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a.m.k. átta einkamál til að fá leyfi til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Starfsheitið lögmaður

Ekki er lengur gert ráð fyrir heitunum „héraðsdómslögmaður“ eða „hæstaréttarlögmaður“ og skammstöfunum „hdl.“ og „hrl.“ í nýju lögunum. Verður þess í stað notast við starfsheitið „lögmaður“ en þó þannig að lögmenn geta tilgreint málflutningsréttindi sín í samræmi við það dómstig sem þeir hafa aflað sér málflutningsréttinda.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram hjá lögmönnum vegna þessarar breytingar sem finnst það skjóta skökku við að hagsmunafélag lögmanna leggi til að lögverndun á starfsheiti verði afnumin. Þegar lögverndin verði horfin á skammstöfunum hdl. og hrl. þá geti aðrar starfsstéttir tekið upp notkun á þeim, s.s. héraðsdýralæknar.

Á hinn bóginn hefur verið bent á það að heitið „lögmaður“ sé til einföldunar fyrir alla aðila og að lögmenn tilgreini síðan að þeir séu með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti.

Ef lögmenn notast hins vegar áfram við skammstafanirnar hdl. og hrl. þá gæti það komið erlendum viðskiptamönnum þeirra spáskt fyrir sjónir ef að þeir tækju upp skammstöfunina lrl. Hjá ungu kynslóðinni er lrl nefnilega oft notað sem stytting fyrir „Laughing Really Loud“ sem útleggst á íslensku sem: Ég skellihlæ.

[Björgvin Halldór Björnsson og Eyrún Ingadóttir](#)



Hafðu stjórn á skjölunum!

Gagnageymslan er nýtt tæknivætt gagnaver sem þjónustar fyrirtæki og einstaklinga við að stjórna geymslu á mikilvægum skjölum. Öll skjöl eru geymd í sérhönnuðum kössum í nýju geymslu-húsnæði með fullkomnu öryggiskerfi. Upplýsingakerfi okkar gerir kleift að senda þér yfirlit yfir skjöl í geymslu hjá á okkur á svipstundu og þú getur pantað ákveðin skjöl. Viljir þú hafa stjórn á skjölunum þínum og gera það á hagkvæman hátt, þá hringdu í Gagnageymsluna og við sendum þér nánari upplýsingar um hæð.



GAGNAGEYMSLAN

Sinðibólta 1 • 112 Reykjavík
Sími 587 2800 • Fax 587 2801



Mörkin lögmannsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.
Gunnar Jónsson hrl.
Hörður Felix Harðarson hrl.
Einar Þór Sverrisson hrl.
Gísli Guðni Hall hrl.
Geir Gestsson hrl.
Almar Þór Möller hdl.
Hilmar Gunnarsson hdl.
Ragnar Halldór Hall hrl.

Fulltrúar:

Árni Gestsson hdl.
Hildur Leifsdóttir hdl.
Linda Ramdani lögfr.
Védís Eva Guðmundsdóttir hdl.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

www.law.is

CATO

L Ö G M E N N

KPMG

SAMSKIPTI

LÖGMANNA ÚR BÖNDUM

AF ÁHUGAVERÐUM ÚRSKURÐI ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA

Hæstaréttarlögmaðurinn Hermóður sætti áminningu úrskurðarnefndar lögmanna í máli nr. 16/2016 vegna brota gegn 2. gr., 2. mgr. 8. gr., 25. gr., 27. gr. og 30. gr. síðareglna lögmanna sem fjalla um bann við því að lögmenn samsami sig umbjóðendum sínum og um samskipti lögmanna sín á milli. Segja má að samskipti Hermóðs við héraðsdómslögmenntina Leif og Loft hafi ekki riðið við einteyming en þeir kærðu Hermóð til úrskurðarnefndar m.a. vegna ummæla sem samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar er „ólíkt nokkru því sem áður hefur verið fjallað um varðandi samskipti lögmanna eða tíðkast á þeim vettvangi.“

Forsaga máls


Árið 2014 vann Hermóður að ýmsum málum fyrir konu, að nafni Hera, sem m.a. tengdust skilnaði hennar. Síðar leiddu þau Hera og Hermóður saman hesta sína þegar þau urðu meðeigendur, ásamt fleirum, að hesthúsi. Árið 2015 fór Hermóður í frí en við heimkomuna hófust deilur milli Heru og Hermóðs sem dregið hafa dilk á eftir sér og virðast þau bæði hafa hlaupið fram úr sér. Ákvað Hera þá að leita til lögmanna Lofts og Leifs og óska liðsinnis þeirra en deilan sneri annars vegar að samskiptum og nýtingu á hesthúsi og hins vegar að ágreiningi vegna uppgjors í tengslum við störf sem Hermóður hafði innt af hendi fyrir Heru. Þá kærði Hermóður Heru til lögreglu vorið 2016 vegna hótana og þjófnaðar en til átaka kom í hesthúsinu í kjölfarið.

Riðið á vaðið

Stuttu eftir að Leifur og Loftur tóku að starfa fyrir Heru var boðað til fundar í húsfélagi hesthússins. Ágreiningur er

uppi um hvort Hermóður hafi verið boðaður til fundarins en Hermóður heldur því fram að svo hafi ekki verið. Í fundargerð er dreginn taumur Heru og ýmislegt misjafnt bókað um Hermóð og unnustu hans. Á fundinum var að auki tekin ákvörðun um að banna dvöl parsins í hesthúsinu og Hermóði var gert að selja eignarhlut sinn. Hermóður stóð fast í ístaðinu og boðaði til fundar síðar í sama mánuði. Í fundarboðinu kom fram að upp á hann hefðu verið lognar sakir á fyrri húsfundi og ennfremur sett á dagskrá fundarins umræður um hvort rétt væri að fá tíma fyrir Heru og dóttur hennar hjá geðlækni eða sálfræðingi.

Í kjölfarið sendi Hermóður þeim Leifi og Lofti töluverðan fjölda tölvupósta þar sem hann sakaði þá m.a. um að ljúga upp á hann og unnustu hans gegn greiðslu. Þá kom fram í einu bréfanna að hann myndi láta Loft og Leif bera persónulega ábyrgð ef ekki myndu gögn um ályktanir hins örlagaríka húsfundar. Þá kemur fram í



einu bréfanna að Hermóður telji Leif vera „marklausa persónu, falska og lata.“ Síðsumars kærði Hermóður Leif og Loft vegna meintrar aðkomu þeirra „að ofbeldi, ógnunum og hótunum um að beita ofbeldi.“ Taldi Hermóður að Loftur og Leifur hefðu staðið að baki atburðarrás þar sem unnusta Hermóðs, myndbandsupptaka, dimmt húsasund og synir þeirra Hermóðs og Heru koma við sögu. Rétt er að geta þess að lögregla felldi niður mál vegna kærunnar á hendur Lofti og

Leifi. Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar eru málsatvik rakin með allitarlegum hætti og ljóst er að mikið hefur gengið á í samskiptum þessara lögmanna.

Hermóður krafðist sýknu í málinu. Rakti hann hvernig deilur hans og Heru hófust og að hann hafi ekki riðið feittum hesti frá viðskiptum við hana þar sem hún hafi ekki greitt það sem henni bar og gengið á eigur hans í hesthúsinu. Þá kemur fram í greinargerð Hermóðs að Loftur og Leifur hafi riðið á vaðið og kvartað til úrskurðarnefndar LMFÍ undan áskilinni þóknun hans vegna starfa hans fyrir Heru, þrátt fyrir að hann hafi hvorki verið búinn að gera henni reikning né að áskilja sér neina ákveðna fjárhæð. Skemmst er frá því að segja að Hermóður hrökk upp af klaknum með kröfur sínar.

Ekki sæmandi í lögmannaástétt

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar kemur fram að ekki verði litið framhjá því að sótt hafi verið mjög hart að Hermóði og unnustu hans persónulega í deilum þeirra við Heru og hina hestamennina. Þannig telur nefndin skiljanlegt að Hermóði hafi mislíkað að Leifur skyldi ekki freista þess að ræða við hann áður en hann stofnaði fyrir hönd

Heru til ágreiningsmáls um þóknun sem ekki hafði verið reikningsfærð. Telur úrskurðarnefndin þessa framgöngu vera enn harkalegri þegar litið sé til tölvuskeytis Hermóðs frá febrúarmánuði þar sem hann freistaði þess að bera klæði á vopnin. Ekkert af þessu afsaki þó það orðfæri sem Hermóður beitti. Þá hafi Hermóði ekki tekist að útskýra af hverju hann kenndi þeim Lofti og Leifi um þessar aðfarir. Ekkert sé fram komið um annað en að þeir hafi tekið að sér hagsmunagæslu fyrir Heru í deilumáli og hagað framgöngu sinni í því í samræmi við óskir hennar. Í niðurstöðu úrskurðarnefndar kemur jafnframt fram sú afstaða Hermóðs að hann líti á Leif og Loft og umbjóðanda þeirra sem eitt og hið sama, það komi ítrekað fram í samskiptum við þau sem og í málflutningi hans fyrir nefndinni. Þá kemur fram að fjölmörg ummæli Hermóðs í samskiptum við lögmennina væru rakinn dónaskapur, sem ekki samræmdist ákvæðum IV. kafla siðareglna um samskipti lögmanna innbyrðis og séu lögmannaástéttinni ekki sæmandi. Taldi nefndin sér ekki fært að fallast á þær málsástæður Hermóðs að Loftur og Leifur bæru ábyrgð á þeirri aðför sem gerð hafi verið að honum. Í því ljósi yrði þá einnig að telja að hótanir Hermóðs um að draga Loft og Leif persónulega til ábyrgðar, væru í andstöðu við 30. gr. siðareglanna.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að brot Hermóðs væru stórfelld. Í ljósi þess að hann hafði ekki sætt áminningu áður og þar sem að í deilum þeim sem um ræðir var sótt hart að honum persónulega var látið við það sitja að veita honum áminningu.

Guðríður Lára Þrastardóttir

NÖFN MÁLSADILA ERU UPPDIKTUÐ AF HENDI HÖFUNDAR ENDA ERU ÚRSKURÐIR NAFNLAUSIR. HÆGT ER AÐ LESA ÚRSKURÐINN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.LMFI.IS

ÁNÆGJA OG TRAUST TIL DÓMSTÓLANNA

KÖNNUN DÓMSTÓLARÁÐS

Um síðustu áramót lét dómstólaráð framkvæma könnun með það að markmiði að kanna ýmsa þjónustubætti og traust til dómstólanna.

Að sögn Ólafar Finnsdóttur framkvæmdastjóra dómstólaráðs var farið í gerð könnunarinnar í kjölfar umfangsmikillar stefnumótunarvinnu þar sem fulltrúar allra starfshópa héraðsdómstólanna, auk fulltrúa frá LMFÍ og Ákærendafélagsinu, áttu sæti. Í kjölfarið samþykkti dómstólaráð stefnu þar sem dómstólaráði og héraðsdómstólunum var mörkuð framtíðarsýn með tilteknum gildum, áherslum og markmiðum. Stefnunni fylgdi aðgerðaráætlun þar sem aðgerðir til þess að ná settum markmiðum vorum skilgreindar og mælikvarðar settir þannig að mögulegt væri að mæla árangurinn: „Þjónustukönnunin nú er þáttur í því að meta stöðu ýmissa mikilvægra þjónustubátta til samræmis við hina mörkuðu stefnu og aðgerðaráætlun. Þar sem lögmenn og ákærendur eru í reglulegu sambandi við héraðsdómstólana þótti okkur rétt að bjóða þeim að taka þátt“, sagði Ólöf.

Eruð þið ánægð með þátttökuna?

„Fyrirfram áttum við von á hærra svarhlutfalli þar sem við höfðum ætlað að lögmenn og ákærendur myndu vilja nýta tækifærið og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara í starfseminni. Hins vegar er svarhlutfallið vel ásættanlegt og gefur marktækar niðurstöður.“

Traust á dómstólum

Þátttakendur virðast almennt vera ánægðir með þjónustuna og bera mikið traust til ykkar. Bjóst þú við þessari niðurstöðu?

„Þar sem dómstólaráð hefur ekki áður lagt fyrir könnun af þessum toga vissum við í raun ekki við hverju var að búast. Einu viðmiðin sem við höfum haft til þessa eru traustmælingar Gallup í þjóðarpúlseinum og það er ekkert launungarmál að niðurstöður þeirra mælinga hafa verið áhyggjuefni. Það er vissulega áskorun sem felst í því að vinna að auknu trausti almennings til dómskerfisins. Traust er eitt þeirra gilda sem sett voru í stefnu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna þar sem lögð er áhersla á að starfsmenn vinni störf sín af heilindum, virðingu og heiðarleika og gæti fyllsta trúnaðar. Því er ánægjulegt að sjá hversu stórt hlutfall svarenda er ánægt með þjónustuna og bera mikið traust til dómstólanna ólíkt því sem segja má um almenning.“

Hvað hefur verið gert til að auka traust almennings á dómstólum?

„Dómstólaráð hefur unnið eftir ákveðinni aðgerðaráætlun sem ætlað er að vinna markvisst að auknu trausti til dómstólanna. Tíminn einn getur leitt það í ljós hvort við erum á réttri leið en að mínu mati er það margþætt langtímaverkefni sem þarf að vera í stöðugri endurskoðun.“

Öryggis- og tæknimál

Athygli vekur að 47% þátttakenda eru ánægðir með öryggismál dómstóla og einungis 39% með tæknimál. Stendur til að gera úrbætur á þessu?



ÓLÖF FINNSDÓTTIR.

Nú þegar hefur verið fundað með formanni og framkvæmdastjóra LMFÍ og ríkissaksóknara og formanni ákærendafélagsins og kallað eftir samstarfi um leiðir til úrbóta í öryggis- og tæknimálum dómstólanna. Í kjölfar þeirrar vinnu verður unnið úr þeim ábendingum sem fram koma, verkefnum forgangsraðað og bætt úr eftir því sem svigrúm verður til.

Óánægja með leitarvél

Er eitthvað fleira sem vakti athygli ykkar hjá dómstólaráði varðandi könnunina?

Já, það komu meðal annars fram athugasemdir um nýja vefsíðu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna sem opnuð var um mitt síðasta ár sem varða leitarvél vefsins sem þykir bæði flókin og erfið. Bæta þarf lykilorðaskráningu við birtingu dóma héraðsdómstólanna og verður unnið að lausn á því máli. Þá gefa athugasemdirnar tilefni til þess að leiðbeiningar með leitarvél verði bættar og virkni hennar skýrð. Þá hafa einnig og komið fram hugmyndir um að halda námskeið um virkni leitarvélarinnar. Að lokum má geta þess að helstu niðurstöður könnunarinnar verða birtar á heimasíðu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á www.domstolar.is.

Valgeir Þór Þorvaldsson

Niðurstöður könnunar dómstólaráðs

Ánægja með þjónustu

Alls svöruðu 542 lögmennt og ákærendur könnuninni af þeim 1090 sem voru í úrtakshópi, eða 49,7%. Meirihluti þeirra eru í mestum samskiptum við Héraðsdómstól Reykjavíkur eða 78%. Þá voru 9,4% í samskiptum við Héraðsdómstól Reykjaness en minni samskipti voru við aðra dómstóla.

Alls voru 85% lögmannna og ákærenda ánægðir með þjónustu dómstólanna, 10% hvorki né og 5% voru óánægðir. Jafnframt bera 85% svarenda fullkomið eða mikið traust til dómstólanna, 8% hvorki né og 7% alls ekkert eða lítið traust.

Málsmeðferðartími of langur

Mikill meirihluti svarenda, eða 91%, var sammála því að dómara og starfsmenn dómstólanna ynnu störf sín að heilindum, virðingu og heiðarleika og gættu fyllsta trúnaðar. Jafnframt var meirihluti svarenda sammála því að málsmeðferð væri réttlát og opinber, dómara væru sjálfstæðir í sínum störfum og að dómara væru rökstuddir með fullnægjandi hætti. Hins vegar taldi meirihluti svarenda að málsmeðferðartími dómstólanna væri yfirleitt of langur, eða 66%, og 33% að hann væri hæfilegur.

Þjónustupættir

Meirihluti svarenda var ánægður með viðmót starfsmanna og dómara, afgreiðslutíma erinda/fyrirspurna og vefsíðu dómstólanna ásamt fleiru. Það vekur hins vegar athygli að þegar svarendur voru spurðir út í öryggismál í dómshúsi voru 47% ánægðir, 36% hvorki né og 17% óánægðir. Þá voru einungis 39% ánægðir með tæknilegan aðbúnað í dómsal eins og tölvubúnað og upptökutæki, 26% hvorki né og 35% voru óánægðir.



JÓLASNAPSMÓT LMFÍ

MEISTARAMÓT LMFÍ Í KNATTSPYRNU INNANHÚSS 2016

Skömmu fyrir hátíð ljóss og friðar, eða fimmtudaginn 22. desember, fór fram meistaramót LMFÍ í knattspyrnu innandyra, svokallað Jólasnapsmót. Að venju fór mótið fram í íþróttahéimili Fram í Safamáryri og til leiks voru skráð fjögur lið; Opus lögmenn, lögfræðideild KPMG, KF Þruman og Kvæsir & Co.

Leiknar voru tvær umferðir og sáu þrautreyndir milliríkja-dómarar KSÍ um að leikirnir færu fram í samræmi við lög og reglur. Handhafar bikarsins frá því í fyrra voru Opus lögmenn og bjuggust flestir við því að þeir myndu landa sigrinum í ár. Nýliðarnir KPMG voru hins vegar ekki á þeim buxunum. Fljótlega var ljóst að þeir ætluðu að selja sig dýrt enda með menn innanborðs sem greinilega höfðu haft atvinnu af knattspyrnu.

KF Þruman var í þetta sinn fjölmenn, skipuð ungum og reyndum lögmönnum í bland. Kvæsir & Co voru hins vegar fálíðaðir og áttu við ofurefli að etja. Mótið fór í alla staði vel fram og höfðu menn á orði að virðing og heiðarleiki hefðu einkennt alla framgöngu þeirra vösku pilta sem mættir voru í Framheimilið þennan dag. Engar kærur litu heldur dagsins ljós.

Úrlsit mótsins urðu þessi:

- | | | |
|----|--------------|---------|
| 1. | KPMG | 15 stig |
| 2. | Opus lögmenn | 11 stig |
| 3. | KF Þruman | 6 stig |

Það var vel við hæfi að Ellert B. Schram, fyrrum miðvörður og fyrirliði KR, fyrirliði landsliðsins í knattspyrnu og fyrrum formaður KSÍ skyldi veita verðlaun til sigurvegara mótsins. Menn höfðu á orði að sennilega hefðu sumir af hinum ungum leikmönnum ekki þekkt þennan reynslubolta enda var hann á sínum tíma í vörninni hjá KR með Bjarna Fel.

Eyrún mætti svo að venju með snaps og bjór. Það voru því glaðir og reifir piltar sem luku árinu að þessu sinni en handan við hornið biðu jólin og jólasteikurnar.

[Stjórn knattspyrnusambands LMFÍ](#)

Búðu þig undir spennandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á arionbanki.is/fyrirtaeki

Fyrirtækjaþjónusta Arion banka



2017

Nú erum við aftur á barmi nýrrar byltingar. Við erum mjög bjartsýn á framtíðina.

1997

Hugmyndin með **EVE Online** var að búa til geim-tölvuleik sem margir gætu spilað á sama tíma. Þetta var algjör bylting á þeim tíma.

NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Sigurður Örn Hilmarsson hdl.
Réttur - Aðalsteinsson & Partners
Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Halldór Reynir Halldórsson hdl.
HRH lögmannsstofa
Lágmúli 7, 108 Reykjavík

Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl.
Landslög lögfræðistofa
Borgartún 26, 105 Reykjavík

NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Pörsteinn Júlíus Árnason hdl.
PACTA Lögmennt / Lögheimtan
Laugarvegur 99, 101 Reykjavík

Ívar Örn Ívarsson hdl.
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Auður Kolbrá Birgisdóttir hdl.
Valva lögmennt
Austurstræti 17, 101 Reykjavík

Birna Ketilsdóttir hdl.
LMB Lögmennt slf.
Bergþórugata 55, 101 Reykjavík

Védís Eva Guðmundsdóttir hdl.
Mörkin lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

Ásta Guðrún Beck hdl.
Direkta
Ármúli 4-6, 108 Reykjavík

Sigurður Helgason hdl.
Frigus ehf.
Fiskislóð 31b, 101 Reykjavík

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Hervör Pálsdóttir hdl.
Ríkiseignir
Borgartún 7a, 105 Reykjavík

Vala Hrönn Viggósdóttir hdl.
VHV Legal ehf.
Fiskislóð 75, 101 Reykjavík

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir hdl.
Samtök fjármálafyrirtækja
Borgartún 35, 105 Reykjavík

Sigurður Kári Tryggvason hdl.
Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartún 25, 105 Reykjavík

Páll Heiðar Halldórsson hdl.
Eventus lögfræðipjónusta
Lágmúli 7, 108 Reykjavík

Ragnheiður Pétursdóttir hdl.
Fasteignasalan Miklaborg ehf.
Lágmúli 4, 108 Reykjavík

Arnar Þór Jónsson hdl.
Réttur ehf.
Klapparstígur 25, 101 Reykjavík

Bjarni Már Magnússon hdl.
Rauðalækur 51, 105 Reykjavík

Arnþrúður Þórarinsdóttir hdl.
Embætti héraðsáskóknara
Skúlagata 17, 101 Reykjavík

Andri Fannar Bergþórsson hdl.
LEX lögmannsstofa
Borgartún 26, 105 Reykjavík

NÝR VINNUSTAÐUR

María Thejll hdl.
Ríkislögmaður
Hverfisgata 4-6, 101 Reykjavík

Óskar Sigurðsson hdl.
Steinunn Pálmadóttir hdl.
LEX lögmannsstofa
Borgartún 26, 105 Reykjavík

Þórir Örn Árnason hdl.
Mynta ehf.
Sóltún 26, 105 Reykjavík

Bjarni Þór Bjarnason hdl.
Deloitte ehf.
Smáratorg 3, 201 Kópavogur

Sigurvín Ólafsson hdl.
Pressan ehf.
Kringlan 4-12, 103 Reykjavík

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hdl.
Land Lögmennt
Turninn, Smáratorg 3, 12. hæð, 201 Kópavogur

Kristján Geir Pétursson hdl.
Birta lífeyrissjóður
Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Ívar Bragason hdl.
Hafnarfjarðarbær
Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður

Bjarki Einar Birgisson hdl.
Valitor hf.
Dalshrauni 3, 220 Hafnarfjörður
Teitur Már Sveinsson hdl.
Espólín Lögmennt
Suðurlandsbraut 30, 104 Reykjavík

Einar Ingimundarson hdl.
Stapi lífeyrissjóður
Strandgata 3, 600 Akureyri

Páll Jóhannesson hdl.
Ragnar Guðmundsson hdl.
Þórunn Ólafsdóttir hdl.
SKR lögfræðipjónusta slf.
Smáratorg 3, 16. hæð, 201 Kópavogur

Haraldur Örn Ólafsson hdl.
Lögvangur
Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Ágúst Sindri Karlsson hdl.
Lögmennt ÁSK ehf.
Fléttuvöllum 11, 221 Hafnarfjörður

Bjarni Lárusson hdl.
LBL - lögmannsstofa Bjarna Lárussonar ehf.
Móberg 12, 221 Hafnarfjörður

Arnar Þór Sæþórsson hdl.
Beljandi ehf.
Prastarnes 11, 210 Garðabær

Sunna Axelsdóttir hdl.
Vallartröð 6, 601 Akureyri

Jóhannes Eiríksson hdl.
Creditinfo Group hf.
Höfðabakki 9, 110 Reykjavík

Guðbrandur Jóhannesson hdl.
Lögmennt Sundagörðum
Sundagarðar 2, 104 Reykjavík

Árni Pálsson hdl.
Lögmannsstofa ÁP ehf.
Hafnarstræti 95, 600 Akureyri

Gunnlaugur Garðarsson hdl.
LOCAL lögmennt
Kringlunni 7, 105 Reykjavík

Þröstur Þór Guðmundsson hdl.
Arion banki
Borgartún 19, 105 Reykjavík

Ingibjörg Halldórsdóttir hdl.
Land-lögmennt
Smáratorg 3, 201 Kópavogur

NÝTT AÐSETUR

Andrés Már Magnússon hdl.

Prima Lögmennt
Strandgötu 37, 600 Akureyri

Ómar R. Valdimarsson hdl.

Esja Legal ehf.
Laugavegi 182, 2. hæð, 105 Reykjavík

Gísli Kr. Björnsson hdl.

Lögmenn Laugarnesi
Laugavegi 182, 2. hæð, 105 Reykjavík

Úlfar Freyr Jóhannsson hdl.

Síðumúla 27, 108 Reykjavík

Jónas A. Þ. Jónsson hdl.

Lögmennsstofa JAPJ ehf.
Laugavegur 44, 101 Reykjavík

Árni Sigurgeirsson hdl.

Aurar innheimtustofa
Síðumúli 23, 108 Reykjavík

Áslaug Auður Guðmundsdóttir hdl.

Davíð Blöndal Þorgeirsson hdl.

Högni Friðbjólfsson hdl.

Ingibjörg Árnadóttir hdl.

Oddur Ólason hdl.

Rut Gunnarsdóttir hdl.

Íslandsbanki hf.
Hagasmára 3 (Norðurturn), 201 Kópavogur

Þórir Hallgrímsson hdl.

Skeifan fasteignamiðlun,
Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Finnur Geir Beck hdl.

HS Orka hf.
Svartsengi, 240 Grindavík

Guðmundur Þór Bjarnason hdl.

Löglýsing ehf.
Efstasund 59, 104 Reykjavík

Ásgeir Jóhannesson hdl.

Lögmennsstofa Jóhannesar Ásgeirssonar hrl.
Skólavörðustígur 6b, 101 Reykjavík

Agnar Þór Guðmundsson hdl.

Ásmundur Jónsson hdl.

Bergrún Elín Benediktsdóttir hdl.

Bryndís Guðmundsdóttir hrl.

Erling Daði Emilsson hdl.

Fríða Björk Teitsdóttir hdl.

Guðmundur Sæmundsson hdl.

Haukur Freyr Axelsson hdl.

Hildur Helga Kristinsdóttir hdl.

Kári Valtýsson hdl.

Óðinn Elísson hrl.

Fulltingi
Höfðabakki 9, 110 Reykjavík

Guðmundur Ágústsson hrl.

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir hdl.

G & Ó lögmenn slf.
Höfðabakki 9, 7. hæð, 110 Reykjavík

Þorgeir Þorgeirsson hdl.

Lögmenn Borgartúni
Nóatún 17, 105 Reykjavík

Jakob Björgvin Jakobsson hdl.

Arctic lögmennsstofa slf.
Skútuvegur 1a, 2. hæð, 104 Reykjavík

Helgi Már Jósefsson hdl.

LS Retail ehf.
Hagasmári 3, 201 Kópavogur

Björn Jakob Björnsson hdl.

Gunnar Gunnarsson hdl.

BG Legal ehf.
Fiskilóð 31 – B, 101 Reykjavík

Jón M. Bergsson hdl.

Grensásvegur 3, 108 Reykjavík

Snorri Steinn Vídal hdl.

Solidum lögmennsstofa
Básbryggja 15, 110 Reykjavík

Páll Ásgeir Davíðsson hdl.

Justis lögmennsstofa
Toppstöðin, Rafstöðuvegi 4, 110 Reykjavík

Guðni Jósef Einarsson hdl.

Þorgils Þorgilsson hdl.

Juvo Lögmenn
Akralind 6, 201 Kópavogi

Sigurður A. Þóroddsson hrl.

Lögmennsstofa Sigurðar A. Þóroddssonar hrl./
Kontakt
Hólberg 74, 111 Reykjavík

Andri Árnason hrl.
Edda Andradóttir hrl., LL.M.
Finnur Magnússon hrl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Simon David Knight
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

Juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litla & Prent

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMÍÐJA





Ríkulegur staðalbúnaður: 7 girra PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, leður og Alcantara innrétting, rafdrifid öikumannssæti, 18" álfelgur, Led dagljósabúnaður, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hjómkerfi, bluetooth símkerfi, sport aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control), akgreinavari, o.m.fl.

Magnað sport í umferð.

Sportið er í genunum. Porsche framleiðir marga af mögnuðustu sportbílum heimsins. Nú er kominn í umferð sportjeppi sem sameinar bestu eiginleika Porsche. Hefurðu mátað Macan?

Macan bensín – verð frá 8.950.000 kr.

Macan diesel – verð frá 9.650.000 kr.



PORSCHE